

Niðurstöður 10. háskólaþings Háskóla Íslands 19. apríl 2013

Dagskrárliður 2. Stefna Háskóla Íslands 2011-2016: Drög að stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum.

Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor og fulltrúi í starfshópi um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum, gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Að umræðu lokinni samþykkti háskólaþing svohljóðandi ályktun:

„Háskólaþing ályktar að fela rektor að halda áfram vinnu við mótun stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum, á grunni tillagna starfshóps um málið og umsagna og umræðna á háskólaþingi 19. apríl 2013, og leggja fyrir háskólaráð. Fyrir liggur að hér er á ferðinni flókið mál sem er í örri þróun á alþjóðlegum vettvangi. Háskóli Íslands þarf því að fylgjast vel með áframhaldandi þróun málsins, kynna það vandlega innan háskólans og vanda til verka við mótun stefnu sinnar.“

Dagskrárliður 3. Nýjar áskoranir og tækifæri fyrir kennslu og kennsluhætti: Vefstudd kennsla og nám.

Hjálmtýr Hafsteinsson, dósent, fulltrúi í kennslumálanefnd háskólaráðs og formaður starfshóps um vefstudda kennslu og nám, og Anna Helga Jónsdóttir, doktorsnemi í tölfraði með áherslu á notkun vefstuddrar kennslu, gerðu grein fyrir málinu. Málið var rætt ítarlega og að umræðu lokinni samþykkti háskólaþing svohljóðandi ályktun:

„Háskólaþing ályktar að brýnt sé að Háskóli Íslands fylgist náið með þeim áskorunum og tækifærum sem felast í notkun upplýsingatækni í kennslu og námi, s.s. vefstuddri kennslu og netnámskeiðum (þ.m.t. svonefndum „Massive Open Online Courses“, MOOC's). Mikilvægt er fyrir Háskóla Íslands að nýta þau tækifæri sem í þessu felast fyrir nám og kennslu, þróun kennsluhátta, aðstöðu, búnað o.s.frv. Í því samhengi ber að gæta að faglegu og fjárhagslegu sjálfstæði skólans og hlutverki hans í íslensku samfélagi.“